

D A L V I K  
í leit að neysluvatni

Þórólfur H. Hafstað.



**ORKUSTOFNUN**  
Jarðkönnunardeild

DALVIK

í leit að neysluvatni

Pórolfur H. Hafstað.

## Inngangur.

A þessum blöðum er reynt að gera grein fyrir athugunum á vatn-  
öflunarmöguleikum Dalvíkurbæjar. Haustið 1975 byrjaði undir-  
ritaður ásamt Þóroddi F. Þóroddssyni að athuga nágrenni bæjarins  
og var í upphafi mest hugað að lindum þó einnig væru aðrir  
möguleikar skoðaðir. Var þá mjög tekið að bera á vatnsskorti.  
Þeir úrkostir sem stungið var uppá í skýrslu okkar frá 1975,  
reyndust ekki eins vel og til hafði verið vonast. Við rennslis-  
mælingar hefur komið í ljós, að miklar sveiflur eru í lindarennslí.

Athugunum hefur verið haldið áfram allt framundir þetta, þó  
stopult hafi það verið. Engin þeirra virkjunarkosta, sem til  
greina hafa þótt koma, ber svo af öðrum, að réttlætanlegt hafi  
þótt að mæla með honum. Mælt er eindregið með því að hafist verði  
handa við tilraunir við að auka afköst núverandi vatnsbólssvæðis.  
Einnig að gerð sé úttekt á vatnsnotkun í kaupstaðnum, þannig að  
einhver vitnaskja fáist um vatnspörf. Gera þarf athugun á því,  
hvort núverandi miðlunartankur sé nægjanlega stór og hversu mikið  
af því vatni, sem þó fæst, fer til spillis.

Það hefur sem sagt gengið hálfböxuglega að komast að niðurstöðu um  
hvaðan Dalvíkingar eiga að fá neysluvatn sitt í framtíðinni.  
Tekist hefur að útiloka ýmsa vatnsvinnslumöguleika, en framtíðar-  
vatnsbólinu ekki valinn staður, og enn er vandamál vatnsveitunnar  
hið sama; það vantar vatn. A þessu er að minu viti engin einföld  
lausn, þannig að nauðsynlegt er að kanna hvern hugsanlegan  
möguleika til hlítar.

5. september 1978.  
Þórólfur H. Hafstað.

### Lindir í nágrenni Dalvíkur.

Sumarið 1975 voru gerðar allítarlegar athuganir á lindarennslum. Beindust þær fyrst og fremst að lindum, sem eru í jökulurð og minni háttar berghlaupum á Upsadal og Karlsárdal, þó einnig væri hugað að lindarennslum viðar.

### Upsadalur.

Aður hafði verið fylgst með rennsli á þrem stöðum á Upsadal, þ.e. Seljahlíð, Dýjadal og Grimubrekkum. Var það veturninn 1962-1963 og er þeim lýst í skýrslu Ríkharðs Steinbergssonar frá 1966. Þessar mælingar voru ekki nákvæmar, aðeins gerður samanburður á rennsli í september og febrúar, þegar ætla mátti að rennslið væri í lágmarki. Heildarniðurstaða Ríkharðs er, að almennt hafi rennsli minnkað um 40% milli umræddra mælinga. Hins vegar var dvinunin mun meiri hvað varðar þær lindir sem hugsanlegt var að virkja. Allar minnkuðu þær um meira en 60% ef þær ekki purru alveg. Þar sem heildarvatnsmagnið var mjög lítið kom virkjun ekki til greina.

Í skýrslu um athuganirnar 1975 er getið lindarennslis á 9 stöðum á Upsadal. Engar mælingar voru gerðar um veturninn, enda viðst mjög augljóst að um óstöðugt rennsli var að ræða, ef ekki bein-línis um snjóbráð. Ber að hafa það í huga þegar skoðaðar eru rennslismælingatölur frá þeim tíma.

Aðeins ein lind þykir koma til álita til virkjunar, ekki vegna rennslisstöðugleika, heldur vegna legu sinnar, Er það syðsta lindin sem fram kemur undan Upsanum. (nr. 1 í skýrslunni frá 1975). Virkjun lindarinnar er mjög auðveld og lögn að miðlunartank stutt, auk þess sem sjálfreynslu næst. Að sumarlagi er rennsli frá henni oft um milli 5 og 10 l/sek. Erfitt er að gera sér grein fyrir lágmarksrennsli á vetrum sakir snjóða, en alltaf virðist það þó vera eitthvað vatn að fá.

Fyrri hluta sumars er lind áberandi í brotsári Upsans, allhátt í fjallshlíðinni, og virðist koma úr föstu bergi. Hún er mjög óstöðug, en vatn frá henni hverfur ofan í urðina neðan við og

kemur þetta vatn án efa aftur fram í fyrrnefndri lind undir sunnanverðum Upsanum.

Aðrar lindir sem fram koma upp á frambrún Upsans eru mjög óstöðugar auk þess að liggja heldur illa við virkjun. Virkjun lindarinnar undan Upsanum leysir ekki vandann heldur yrði vatn frá henni að skoðast sem viðbót við vatn sem aflað yrði annars staðar frá. Kostnaður við virkjun getur ekki verið mikill og reksturs kostnaður enginn.

Ymsum hefur þótt að til greina geti komið að afla vatns til vatnsvitunnar úr Grímánum á innanverðum Upsadal. Að sönnu er alltaf umtalsvert rennsli í ánum, en þær dragast saman úr óteljandi uppkomuaugum í jökulurð í 600-800 m hæð yfir sjó. Virkjun í upptökum tel ég að sé tæknilega útilokuð sakir þess hve smáar og dreifðar lindirnar eru ef þá hægt er að tala um lindir í þessu sambandi. Einnig og ekki síst hversu hátt þær liggja. Virkjun linda við sviðaðar aðstæður annars staðar hefur ekki reynst vel þrátt fyrir góðan frágang og ærinn kostnað.

Vatnið í Grímánum sjálfum er hvorki verra né betra en annað yfirborðsvatn, þ.e.a.s. óhæft til notkunar við matvælaiðnað. Að vísu ætti að vera örlitið minni hætta á saurmengun vegna lítils gróðurs á svæðinu, en þeim mun meiri er mengunarhættan vegna aurburðar í vatninu, ekki síst í leysingum. Annas mun starfsmönnum Dalvíkurþejar vera fullljós þau vandkvæði sem eru samfara notkun yfirborðsvatns.

#### Karlsárdalur.

Yfir 20 lindir hafa verið skoðaðar á Karlsárdal. Meiri hluta þeirra getið í skýrslunni frá 1975. Flestar eru þær í jökulurð en einnig koma þær undan skriðum og ein hugsanlega úr bergi. Þær eru á um tveggja km löngum kafla innarlega á dalnum og samkvæmt rennslismælingum 1975 gáfu þær samanlagt allt að 90 l/sek . Þessi tala er þó óraunhæf er meta skal hversu mikið vatn er unnt að virkja á svæðinu. Kemur þar í fyrsta lagi til að lindirnar eru nokkuð dreifðar og margar þeirra litlar. Hins vegar, og ekki

síður, komu í ljós mjög verulega sveiflur í rennsli frá því lindasvæðið sem vænlegast þótti. Sett var upp mælistífla við neðsta lindasvæðið og fylgst með rennsli frá því veturinn 1975-'76, og strjálla 1976-'77.

Í ljós kom, að rennsli við mælistíflu að vetrí til var ekki nema um þriðjungur þess sem það hafði mælst haustið 1975. Reynt var að meta heildarrennslið frá öllum lindasvæðunum með tilliti til þessara mælinga. Voru niðurstöður þessa birtar í skýrslukorni um áramót 1976. Niðurstöðan var sú, að þó allar lindasytrur í svæðinu yrðu virkjaðar, væri langt í land að vatn frá þeim nægði til að fullnægja vatnspörf bæjarins. Það liggur því ljóst fyrir, að þó ráðist yrði í virkjun þeirra linda sem aðgengilegar eru á Karlsárdal, er fjarri að nokkur lausn fáist á neysluvatnsvandamálum Dalvíkinga. Að vísu þekkist það, að vatni sé aflað sjálfrennandi úr lindum að hluta eða öllu leyti þann hluta árs sem rennsli úr þeim er í hámarki, en viðbótarvatns hins vegar aflað á dýrari hátt, þ.e. úr borholum með dælingu. Aðstæður á Dalvík eru á hinn böginn með þeim hætti, að lágmarksrennsli frá lindum er samtímis tregu aðrennsli að borholunum. Þannig mundi virkjun svo óstöðugra linda koma að litlu haldi við að fullnægja vatnspörf bæjarins að vetrinum.

#### Önnur lindasvæði.

Upsaströndin allt út undir Sauðanesrípil hefur ekki upp á margar lindir að bjóða. Överulegar seyrur eru ofan við Sauðanes, aðallega neðan vegar og allir lækir dragast saman af stóru svæði.

Um kílómetra sunnan við Sauðanesrípilinn koma þrír lækir upp í giljadrögum og er sá í miðið mestur í áætlað rennsli, 12 l/sek síðastliðið haust, en hinir mun minni. Þetta vatn virðist koma allt upp í sprungnu bergi við bergganga, sem mikið er af í jarðlagastaflanum á þessu svæði. Végsna þess að lindir í berggrunninum eru ekki á hverju strái á þessum landshluta, þóttu þær athyglisverðar. Ekki var fært að skoða þær í veturn vegna snjóða en um pásku var litið til þeirra. Var þá snjóleysing vel á veg komin. Rennsli frá aðallindinni var þá það óverulegt, að einsýnt þykir að hún sé óstöðug þrátt fyrir að hún fái vatn sitt af meira dýpi

en aðrar lindir í nágrenninu. Brustu þar með vonir um að unnt yrði að afla vatns á þessu svæði.

Nokkrar lindir eru á Sauðdal, en engin þeirra gefur ástæðu til að ætla að þær séu það stöðugar að virkjun þeirra komi til greina. Flestar eru innarlega á dalnum í frekar smárrri berghlaupsurð, en þær sem eru utar, eru í jökulurð. Hugsanlegt þótti í fyrrahaußt að einhverjar þeirra væru virkjanlegar ásamt með lindunum sunnan við Rípilinn. Nú, þegar ljóst þykir að þær lindir eru álíka óstöðugar og aðrar á þessu svæði, falla hugsanlegir virkjunarvalkostir í Sauðalsmynninu sjálfkrafa út úr myndinni.

Auk þessa hefur fjörurennslí í höfnina á Dalvík verið athugað og einnig rennsli úr smáseyrum undan bökkum allt inn fyrir Holt svo og í mynni Holtsdals, og við Höfðan og á Hrísam Óum. Hvergi á þessu svæði er umtalsvert lindarennslí.

Af framanskráðu þykir vera ljóst, að ekki er hægt að búast við að unnt sé að fullnægja vatnspörf Dalvíkurbæjar með virkjun linda, þó svo virkjaðar væru margar lindir á einhverju þeirra svæða sem getið hefur verið. Viðbótarvatns þyrfti alltaf að afla með öðrum hætti.

#### Vatnafar.

Orsakir hins litla og sveiflukennda lindarennslis í nágrenni Dalvíkur eru fyrst og fremst lítil útbreiðsla lausra jarðlaga sem hugsanlega gætu miðlað vatni til stöðugra linda. Skiptir ekki síður mál, að mikill hluti úrkommunnar fellur sem snjór sem nær aðeins að óverulegu leyti að síga til grunnvatnsins þegar hann bráðnar, þó svo að um sæmilega vel vatnsleiðandi jarðlög sé að ræða.

Samkvæmt korti Öddu Báru Sigfúsdóttur um dreifingu ársúrkoma (meðaltal 1931-1960), er ársúrkoma á láglendi í nágrenni bæjarins u.p.b. 700 mm. A háleindinu milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar er úrkoma yfir 1600 mm/ári þar sem hæst er, enda vex úrkoma í höfuðdráttum með vaxandi hæð. Úrkomumælingar hafa verið gerðar á Tjörn

síðan 1970. Meðaltal áranna 1970-1975 er þar 540 mm/ári. Taka verður tillit til þess að nokkuð tapast úr mælum bæði vegna uppgufunar og ekki síður vegna foks, sérstaklega í snjókpmu. Gjarna er reiknað með að raunveruleg úrkoma sé 25% hærri en hið mælda gildi. Samkvæmt því ætti meðalársúrkoma á Tjörn að vera sem næst 675 mm/ári. Þessi úrkoma samsvarar því, að til jafnaðar ættu að falla 21 l/sek á hvern ferkílómetra lands. Aðeins mjög óverulegur hluti þessarar úrkому nær að mynda grunnvatn. Mestur hluti peirrar úrkому sem til jarðar fellur rennur burt á yfirborði og umtalsverður hluti tapast við útgufun, einkum á sumrum. Þá er möguleg uppgufun (potential evapotranspiration) oft á tíðum meiri en úrkoma, þannig að næsta hverfandi lítið vatn ætti skv. Því að verða eftir til grunnvatnsmyndunar. Á veturna safnast úrkoman fyrir sem snjór, sem ekki nær að síga burt af svæðinu fyrr en í leysingum, og fer þá mjög óverulegur hlut vetrarúrkommunnar til grunnvatns, heldur rennur hann af á yfirborði. Af framansögðu er vonandi ljóst, að eigi að vera hægt að nýta lindir, sem fá vatn úr jarðmyndunum sem einungis berst vatn með úrkому sem á þær fellur verða þær myndanir að vera víðáttumiklar til að safna nægu vatnsmagni, lega þeirra þarf að vera þannig, að mestallt, vatn sem til fellur skili sér á fáar, aðgengilegar lindir og vatnsleiðnieiginleikar þannig, að hæfileg miðlun verði í jarðmynduninni. p.e.a.s., hvorki streymi of hægt eða hratt um hana.

Slíkar jarðmyndanir eru fágætar í nágrenni Dalvíkur. Sérstaklega er útbreiðsla víða lítil. Hingað til hefur einungis verið fjallað um jarðmyndanir, sem byggja grunnvatnsmyndun sína á þeirri úrkому sem á þær sjálfar fellur. Aðstæður geta hins vegar hagað því svo að vatn getur komist í vatnsleiðandi jarðlöög með öðrum hætti. Svo er til dæmis á áreyrum þar sem áin heldur uppi grunnvatnsbordi. Vatnsnám úr slíkum myndunum byggist á því, að vatn streymir inn í jarðmynduninni frá nálægu vatnsfalli í þessu tilfelli, í stað þess sem af er tekið.

#### Vatnsbólssvæðið við Brimnesá.

Arið 1964 voru boraðar tvær holur við Brimnesá. Fyrri holan ryndist ónothæf vegna sandburðar. Hin seinni var virkjuð, og er

enn. Allmikill munur, er á fáanlegu vatnsmagni úr holunni eftir árstíma. Þriðja holan var svo boruð nokkru ofar á eyrinni 1968, en hún reyndist ekki vatnsgæf og var ekki virkjuð fyrr en í fyrra, þegar skipt var um borholudælu í aðalvatnsvinnsluholunni (holu 2).

Erfiðleikarnir við vatnsöflun á þessu svæði hafa fyrst og fremst verið peir, að borholan (og nú holurnar tvær) hefa ekki gefið nægt vatn. Sérstaklega ber á þessu á vetrum og síðari hluta sumars. Niðurdráttur vatnsborðs í holunum eykst þá það mikið, að afköst dælanna minnka verulega. Greinilegt er, að um mismikið vatnstreymi er að ræða í eyrinni og þá um leið því vatnsmagni, sem frá ánni streymir.

Brimnesáin rennur í allvel afmörkuðum farvegi, sem náð hefur í tímanna ráðs að þéttast af þeim finu framburðarefnum sem áin ber með sér. Líklegt er því, að árbotninn sé nokkuð þéttur. Þegar lítið, vatn er í ánni fer því lítið vatn frá henni; segja má að þá renni hún í péttum stokki. Hins vegar eru bakkarnir lekari, þannig að þegar hærra er í ánni fyllist svæðið umhverfis af vatni og nægt vatn berst að borholunni. Í leysingum á vorinn koma jafnvel upp lindir nokkru neðan við neðri vinnsluholun. Snemma sumars 1977 voru gerðar grófar athuganir á vatnsleiðnieiginleikum eyrarinnar við vatnsbólið. Haustið áður höfðu verið sett niður mælirör til að fylgjast mætti með jarðvatnshæð í nágrenni við dæluholurnar. Mælt var í þeim og holunum sjálfum. Mjög mikið vatn var í eyrinni, m.a. kom töluvert vatn fram í farvegi nokkru neðan við neðri dæluholuna. Báðar holudælur voru í gangi, en svo virtist sem neðri dælan ein annaði að mestu að dæla því sem dælt varð inn á bæjarkerfið, a.m.k. kom aðeins óverulegur niðurdráttur fram í efri holunni (sjá meðfylgjandi myndir). Var því fyrst og fremst hugað að þeirri neðri. Nokkrum erfiðleikum var bundið að ákvarða það vatnsmagn sem ú holunni fékkst en eftir því sem næst var komist voru það 19-20 l/sek. Samkvæmt lauslegum útreikningi fékkst, að leiðni (transmissibility) væri  $2.5 \cdot 10^{-3} \text{ m}^2/\text{sek}$ , sem ekki er óvenjulegt fyrir venjulega vel vatnsleiðandi ármöl.

Þetta þykir gefa nokkra vísbendingu um hver afkastageta borholunnar geti verið, þegar nægt vatn getur borist inn í jarðlögin frá ánni.

Spurningin er, með hvaða hætti er unnt að rjúfa þann péttu stokk sem áin er í án þess hún stöðugt pétti hann á ný. Gerður hefur verið skurður frá ánni ofan við efri dæluholuna, fylltur grófu púkki. Vart varð við einhverja aukningu við það, en "vatnsinn-takið" þar sem skurðurinn nær í ána, péttist fljótt af gruggi sem áin bert með sér. Sjálfsagt mætti greiða eitthvað fyrir írennslinu með því að skurka duglega með jarðýtu í farvegi árinnar af og til, en ýmislegt bendir þó til þess að það mundi skammt duga. Fram kemur á meðfylgjandi borholusniðum (svo langt sem þau ná), að borað hefur verið í gegn um nokkuð sundurleit jarðlöög, og jafn framt með misjafna vatnsleiðnieiginleika. Segja má, að landræman meðfram Brimnesá sé hlaðin upp í farvegum árinnar á leið hennar gegnum jökulurð sem hylur berggrunninn beggja vegna. Áin hefur í tímans rás hlaðið undir sig, skipt um farveg og brotið sér nýjan eftir þessari ræmu. Skiptast því iðulega á pétt lög og vel vatnsleiðandi eftir kornastærðardreifingu setsins. Búast má við, að lárétt vatnsleiðni sé meiri en löðrétt, og að vatn streymí að verulegu leyti um alllangan veg um jarðlögin áður en það lendir í einhverri borholudælunni, en fari ekki stystu leið frá ánni. Meðan verið var að bora holu 1 stóð vatn í holunni á 1.5 m dýpi, allt þar til komið var í malarlag á 19 m dýpi; þá snarlækkaði vatnsborðið í 7 m. Ef vatn hefði fengist úr þessu lagi, hefði það streymt að holunni um nokkurn veg undir ánni en ekki beinst frá henni, þó svo holan sé alveg á árbakkanum.

Það er því ljóst, að jarðvatnið fer nokk sínar eigin leiðir um eyrina og ekki nema að litlu leyti hægt að sjá þær fyrir. Þó hagar svo til litlu ofan við aðalholuna (hola 2), að greinilegur farvegur liggur þar frá ánni í sveig norður fyrir dæluhúsið og þar niður með því. Í þessum forna farveg neðanverðum koma einmitt upp lindir þegar vatnsstaðan er há.

Að svo komnu þykir mér ekki óskynsamlegt að gera í pennan forna farveg skurð í líkingu við þann sem gerður hefur verið ofan við holu 3. Rétt þykir þó, að árvatnið sé látið fara fyrst um brunn, sem hægt er að hreinsa, þannig að mesta gruggið úr árvatninu setjist þar til áður en það sígur í mölina. Þannig væri líka hægt að fylgjast með vatnsmagninu og loka fyrir þegar áin er í vexti. Það gefur auga leið, að ekki er nóg að veita yfirborðsvatni

í erg og gríð um allt vatnsbæolssvæðið í von um að það sígi niður, svo hægt sé að dæla því upp aftur úr borholunni. Það kemur fljóttlega niður á vatnsgæðunum ef það nær ekki að siast nægilega á leið sinni um jarðlögin. Að jafnaði hafa illa vatnsleiðandi jarðög betri síunareinginleika en þau sem betur leiða. Það þýðir með óðrum orðum að vatn þarf um lengri veg að fara til að fá sömu síun í vel leiðandi lögum en slæmum vatnsleiðara. Þegar skurðinum ofan við holu 3 var valinn staður, var fylgt þeirri þumalfingursreglu, að fjarlægð hans frá holunni yrði heldur meiri en fjarlægðin milli holu og ár.

Við neðri holuna gegnir e.t.v. eitthvað óðru mál, þar sem skurður yrði gerður í fornán farveg sem leiðir fram hjá holunni. Líklega er um tiltölulega vel leiðandi, gróft efni að ræða, sem vatnið ætti allgreiða leið um. A hinn böginn er ekki þar með sagt, að leiðin sé jafn greið úr þessum farvegi að holunni, þannig að þess er vænst að nægjanleg síun fáist þrátt fyrir að vatnið sígi allhratt til holunar vegna niðurdráttar í henni. Mér vitanlega hefur a.m.k. ekki borið á mengun í vatni úr holunni í leysingu, þegar verulegur hluti vatnsins í henni kemur þessa leið, nátturulega, að sjálfsögðu þó.

Ef til vill má afla meira vatns úr borholum eða djúpum brunnum á þeim slóðum þar sem vatnið bullar upp í leysingum í neðanverðum farveginu, rétt ofan við gamla þjóðveginn. Sá kostur verður jafnvel enn fýsilegri eftir að áveita í ofanverðan farveginn kemst á. En eins og nú er háttar mundu brunnar án efa gefa lítið vatn á vetrum þegar jarðvatnsborð er í lágmarki. Ef á hinn böginn yrði reynt að auka vatnsmagnið með borholu/fá meiri niðurdrátt, er ekki útilokað að sjór komist í holuna vegna þess hve landið liggar lágt yfir sjávarmli og sjaldan er ráðlegt að draga vatnsborðið niður fyrir það.

Til skamms tíma var vatn tekið úr tveim brunnum undkr sjávarbökkunum við innanverða höfnina, og notað fyrir sláturhús og rækjuverksmiðju. Þessi vatnsból ónýttust þar sem vatnsborð var dregið niður fyrir sjávarmál svo sjór komst í þau.

Ég held að ekki sé vänlegt að bora eina holuna til á vatnsbóls- svæðinu við Brimnesá eins og nú horfir. Það svæði, sem fýsilegt er til vatnsvinnslu er að mínu mati fullnýtt, nema ef væntanlegar áveisituframkvæmdir gefa góða raun.

Nokkuð hefur verið um það rætt, að tölubarverð mengunarhætta væri á vatnsbólssvæðinu vegna umferðar um það. Talið er nauðsynlegt að alfríða næsta nágrenni vatnsbólanna og tryggja að á landræmunni norðan Brimnesár verði ekki um neins konar jarðrask að ræða, nema þá í þágu vatnsbólanna sjálfra. Þetta er þýðingarmikið, þar sem sýnt er að vatnsbólssvæðið er að lenda inn í péttbýli. Hugmyndir, sem fram hafa komið um stofnun útivistarsvæðis meðfram ánni virðast mér geta fallið ágætlega að friðunaraðgerðum vegna vatnsbóls.

#### Hugsanlegt vatnsból við Holtsá.


Að mörgu leyti eru aðstæður við Holtsá svipaðar og við Brimnesá. Vera má, að boranir í nágrenni við ána gæfu góða raun, en líklegt er að við svipuð vandamál yrði þar við að etja og við Brimnesá. A tveim stöðum við ána hagar svo til, að hugsanlegt er, að vinna megi vatn úr efstu malarlögunum með brunnum sem í þau yrði grafnir. Þykir mér ekki úr veki að gera tilraunarbrunn norðan árinnar rétt neðan við brúna. Þar er yfirgefinn farvegur sem e.t.v. er betri vatnsleiðari en árframburðurinn umhverfis. Ekki verður gengið úr skugga um þetta á neinn annan hátt en með tilraun.

Af því sem hér hefur verið ritað má ljóst vera, að engin padent lausn hefur fundist á því hvernig leysa megi neysluvatnsvandamál Dalvíkurbaðar í framtíðinni. Hins vegar hafa allmargir möguleikar verið athugaðir, og þó þær athuganir hafi ekki enn leitt til já-kvæðrar lausnar, er ekki þar með sagt að þær upplýsingar sem fengist hafa séu gagnslausar.

Í sem stystu máli virðist mér óhætt að fullyrða, að ekki unnt að afla nægs neysluvatns úr lindum í nágrenni Dalvíkur. Astæða virðist því til að beina athyglinni að núverandi vatnsbólssvæði og reyna að auka vatnsvinnsluna þar, og jafnframt kanna vatnsvinnslumöguleika við Holtsá.

1977 06 06


Jordtunnelling vid nyttomaterielhus i Dalarö.



13 ÖREKUSTOFNUN


19770606

Jordvatnsmätning vid rostjordvattensholme i Dalvik.




Dalvik, neysluvatnsborholur.


hola 1 ('64)



hola 2 ('64)



hola 3 ('68)



MÆLD MÁNAÐARÚRKOMA ÁÐ TJÖRN.

Ar	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D	Alls
1970	45,5	39,6	108,2	6,3	27,8	9,6	28,9	28,0	28,9	60,8	55,6	68,7	508
1971	23,8	47,7	32,6	48,2	37,4	8,7	27,5	72,1	50,0	59,4	105,5	63,4	576
1972	45,8	15,3	40,7	18,4	10,3	59,9	57,2	30,1	40,2	70,3	98,4	51,4	538
1973	76,2	65,0	32,3	49,4	16,6	17,3	23,1	29,9	16,9	45,8	55,3	52,1	451
1974	50,8	86,0	12,0	23,1	6,6	22,4	58,4	52,8	69,6	67,9	57,8	53,5	561
1975	84,3	36,3	33,7	30,3	12,9	22,4	52,6	12,2	53,9	33,8	37,8	169,9	580
Meðaltal	54,2	48,3	43,2	29,2	18,6	23,3	41,2	41,1	43,2	56,3	68,4	76,5	540